

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 36/1992. **Snorri Ólafsson**

gegn

Gylfa Gunnarssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst bæjarfógetanum á Neskaupstað 13. janúar 1992. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Neskaupstaðar 19. nóvember 1991. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til meðferðar lögum samkvæmt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila var ekki sótt þing í héraði, og hann hefur ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Hinn kærði dómur var kveðinn upp að aðilum fjarstöddum. Sóknaraðila barst vitneskja um hann 6. janúar 1992. Telst kæran því nægjanlega snemma fram komin.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann. Átelja verður þann drátt, sem varð á uppkvaðningu héraðsdóms í málinu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 19. nóvember 1991.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið 27. júní 1991, höfðaði stefnandi, Snorri Ólafsson, kt. 290844-4289, á hendur stefnda, Gylfa Gunnarssyni, kt. 270740-2789, með stefnu, út gefinni 13. júní 1991, og birti fyrir stefnda sjálfum 14. júní 1991.

Við þingfestingu málsins 27. júní 1991 sótti stefndi eigi þing, og var málið

þá dómtekið að kröfu stefnanda. Mál þetta er því dæmt sem útivistarmál eftir framlögðum gögnum.

Í stefnu kveðst stefnandi gera þær kröfur, „...að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 4.534.301 kr., auk dráttarvaxta af stefnufjárhæðinni skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá 23. ágúst 1990 til greiðsludags og að heimilt verði að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 23. ágúst 1991, og reikna þannig áframhaldandi dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls skuldar og áfallinna (sic) til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, sbr. l. 50/1988, á málflutningsþóknun, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags“.

Þá gerir stefnandi grein fyrir málavöxtum í stefnu „... með því að vísa til kaupa stefnda f.h. einkafirma hans, Mánalax, skv. samningi við Bakkalax hf., dags. 16. september 1987. Um er að ræða móttökukvittun Mánalax, dags. 16. sept. 1987, á 8.436 st. laxaseiða frá Bakkalaxi hf. af Isnó-stofni. Umsamið verð er 80 kr. pr. stk. Þessi seiði eru hluti af ca. 27-28.000 seiðamagni, sem Mánalax tekur síðar skv. samkomulagi. Af hálfu Bakkalax hf. var að öllu leyti staðið við skuldbindingar skv. umræddu samkomulagi. Til tryggingar greiðsluskuldbindingum sínum afhenti stefndi við kaupin Bakkalaxi hf. veðskuldabréf, útg. 10. október 1987 af stjórn Steypusölunnar hf., Neskaupstað, að fjárhæð upphaflega 2.000.000 kr., út gefið til handhafa. Lánstími var umsaminns skv. skuldabréfinu 15 mánuðir, og er lánið skv. lánsjaravísitölu. Vextir eru hæstu skuldabréfavextir Landsbanka Íslands á hverjum tíma frá 10.10.1987. Skuldabréfið er með veðtryggingu, þ.e.a.s. 12. veðrétti í C-götu 5, Neskaupstað. Stefnandi sem handhafi bréfsins framseldur það til Landsbanka Íslands, Selfossi, 3.11.1987, en hann hafði þá fengið kröfur á hendur Mánalaxi framseldar frá Bakkalaxi hf. varðandi ofangreinda sölu á fiskseiðum. Þar sem umrætt skuldabréf fékkst eigi greitt þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, varð stefnandi að leysa til sín skuldabréfið 23. ágúst 1990 með 4.534.301 kr., sem er stefnufjárhæðin“.

Málsástæðum og lagarökum lýsir stefnandi svo í stefnu: „Kröfur stefnanda eru reistar á ofangreindum viðskiptum, en stefndi rak Mánalax sem einkafirma og ber því ótakmarkaða og persónulega ábyrgð á skuldum firmans. Mánalax er ekki skráður með sérstaka kennitölu í opinberum skrá. Stefnandi er handhafi ofangreinds veðskuldabréfs og hefur leyst það til sín, auk þess sem hann fékk kröfur Bakkalax hf. á hendur Mánalaxi framseldar. Umrætt veðskuldabréf var lagt fram sem trygging fyrir fullum skilum stefnda á umræddu kaupverði. Um er að ræða kröfur vegna vanskila stefnda á kaupverði ofangreindra laxaseiða frá 16. september 1987. Hin

veðsetta fasteign að C-götu 5, Neskaupstað, var seld á nauðungaruppbóði 10. febrúar 1989, og var kaupandi Iðnlánasjóður og kaupverð 7,5 milljónir króna. Ekki fékkst upp í skuld skv. ofangreindu skuldabréfi, og Steypusalan hf. í Neskaupstað hefur um langan tíma ekki verið starfrækt. Tilraun stefnda með því að greiða umrædda skuld með ofangreindu veðskuldabréfi hefur ekki tekist og því umrætt kaupverð í vanskilum. Stefnandi þurfti að innleysa skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Selfossi, 23. ágúst 1990 með 4.534.301 kr., sem er stefnufjárhæðin, og er dráttarvaxta krafist frá þeim tíma“.

Umrætt samkomulag eða móttökukvittun frá 16. september 1987 hljóðar svo: „Í dag hefur Mánalax, Norðfirði, móttekið 8.436 st. laxaseiði frá Bakkalaxi af Isnó-stofni.“

Seiðin eru afhent hjá Fiskeldisfélaginu Strönd hf., Hvalfjarðarströnd. Umsamið verð 80 kr. pr. stk. Þessi seiði eru hluti af ca. 27-28.000 seiða magni, sem Mánalax tekur síðar samkvæmt samkomulagi.

Afh. f. h. Bakkalax: Snorri Ólafsson (sign).

Mótt. f. h. Mánalax: Gylfi Gunnarsson (sign).“

Niðurstaða.

Mál þetta er dæmt sem útivistarmál, og liggur því ekkert fyrir um afstöðu stefnda til sakarefnis. Verður niðurstaða málsins þá eingöngu reist á þeim gögnum, er lögð voru fyrir dómara málsins.

Ekki verður séð, að nægilegt samband sé milli stefnukröfu og samkomulagsins frá 16. september 1987. Af stefnu má ráða, að stefnt sé vegna kaupa á 27-28.000 seiðum, og er stefnufjárhæðin í samræmi við það, en í áður nefndu samkomulagi viðurkennir stefndi einungis móttöku á 8.436 seiðum. Engin gögn voru lögð fyrir dómara, er sýna afhendingu á þeim 27-28.000 seiðum, sem nefnd eru í samkomulaginu.

Í samkomulaginu frá 16. september 1987 kemur ekki fram, með hvaða hætti seiðin skyldu greidd, einungis er nefnt verð hvers seiðis. Í málinu liggur frammi skuldabréf, út gefið af Steypustöðinni hf. til handhafa 10. október 1987, að höfuðstól 2.000.000 kr. Af stefnu virðist mega ráða, að skuldabréfið sé til greiðslu á 27-28.000 seiðum. Gögn málsins bera það ekki með sér, að bréfið hafi verið notað í viðskiptum vegna seiðakaupanna, og ekki er bréfið áritað um framsal til stefnanda frá stefnda.

Vegna þessara atriða þykir krafa stefnanda ekki samrýmast framkomnum gögnum, og eru því þeir gallar á málatalbúnaði stefnanda, að máli hans verður að vísa frá dómi, sbr. I. málslíð 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og d-lið 1. mgr. 88. gr. s. 1.

Málskostnaður dæmist eigi.

Dóm þennan kvað upp Ólafur K. Ólafsson, bæjarfógeti í Neskaupstað.

Máli þessu er vísað frá dómi.
